

9. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 06.01 2015, kl. 13.30

Mættir eru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita

2. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 03.12 2014

3. Deiliskipulag Hengifoss

a) Tillaga að lýsingu vegna skipulagsáforma, dags. 16.12 2014

b) Skekkja í kortagögnum UST (svæði á Náttúruminjaskrá).

4. Fljótsdalsbók

Bréf Helga Hallgrímssonar dags. 22.11 2014

5. Endurskipulagning fjárhags Austurbrúar ses

6. Laugarfellsskáli, starfsmannaaðstaða. Páll og Hildur ,Highland hostel kl. 15.00

7. Gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa. Sveinn Þórarinnsson byggingarfulltrúi , kl. 16.00

8. Bréf

a) Fljótsdalshérað, bókun bæjarráðs 16.12 2014

b) Fljótsdalshérað ósk um umsögn vegna skipulagsbreytinga dags. 04.12 2014

c) UMFÍ 10.12 2014

d) UMFÍ 12.12 2014

9. Umhverfisstyrkir

Þórhallur Þorsteinsson Hóli

10. Fjárbeiðnir

a) Landssamband slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna dags. 01.12 2014

b) Snorraverkefnið dags. 17.11 2014

c) Birtingaráætlun 2015, Austurbrú ses dags. 21.11 2014

11. Fundargerðir

a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 06.11 -06.11- 12.12 2014

- b) Samgöngunefnd SSA 19.12 2014
- c) HAUST 10.12 2014
- d) Ársalir 04.12 2014
- e) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 01.12 2014
- f) Samtök orkusveitarfélaga 10.10-26.11
- g) Ferðaklasinn ÆSA 02.12 2014
- h) Félagmálanefnd 26.11-17.12 2014

12. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita.

Samband Íslenskra sveitarfélaga vekur athygli á lagabreytingum samþykktum á haustþingi 2014, sem hafa áhrif á útgjöld og tekjur sveitarfélaga.

Í framhaldi af beiðni Vinnumálastofnunnar sem beint var til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og varðaði að sveitarfélög létu Vinnumálastofnun í té endurgjaldslausu aðstöðu, tekur Sambandið jákvætt í erindi Vinnumálastofnunar og ætlar að vinna að því sveitarfélög tengist enn frekar en nú er verkefnum Vinnumálastofnunar á sviði vinnumiðlunar og úrræða fyrir alla þá er þurfa aðstoð á vinnumarkaði.

Á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is er að finna ýmsar tölulegar upplýsingar um rekstrarkostnað sveitarfélaga.

Ekki hefur enn borist svar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti vegna óskar Fljótshrepps og Fljótshéraðs um breytta afmörkun náttúruminjasvæðis 618. Nú nýverið tilkynnti ráðuneytið að óskað hefði verið umsagna fagstofnana varðandi erindið og að ráðuneytið hefði ítrekað beiðni um umsagnir og vænti þess að gera svarað erindinu fljótlega.

Endurgreiðsla UST til Fljótshrepps vegna minkaveiða á árinu 2014 er kr. 9.413,- og vegna refaveiða 33% af kostnaði eða kr. 428.057,-

Með breytingu á lögum um lögreglu- og sýslumannsembætti verður sú breyting að sýslumenn eiga ekki lengur sæti í almannavarnarnefndum og ráðherra ákveður hvaða lögreglustjóri skuli sitja í almannavarnarnefnd, ef fleiri en eitt lögregluembætti falla undir nefndina.

Framkvæmdastjóri Ársala (Dvalarheimili aldraðra) hefur tilkynnt um breyttar aðstæður sínar og að hann muni flytja búferlum af svæðinu, hann er þó tilbúinn til að sinna störfum fyrir Ársali eitthvað fram eftir árinu, verði þess óskað.

Oddviti sat 12. desember fyrir hönd Fljótshrepps fund stofnaðila Austurbrúar, þar sem fjallað var um fjárhagsvanda stofnunarinnar og hugsanlega endurskipulagningu.

Um miðjan desember heimsóttu fulltrúar Náttúran.is, Fljótshrepp og kynntu fyrir oddvita rafrænt endurvinnslukort er tekur til landsins alls. Óskað er samstarfs við sveitarfélög, en kortinu er ætlað að einfalda almennum borgurum aðgang að upplýsingum um endurvinnslu á Íslandi, staðsetningu gáma, ásamt því hvaða flokkum er tekið við á hverjum stað.

2. Aðalskipulag Fljótshrepps 2014-2030

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 03.12 2014. Skipulagsstofnun staðfesti aðalskipulagið 3.des 2014.

Með staðfestingu Skipulagsstofnunar 3.12 og birtingu á auglýsingu 17.12 2014 í B-deild Stjórnartíðinda hefur Aðalskipulag Fljótshrepps 2014-2030 öðlast gildi. Jafnframt fellur úr gildi Aðalskipulag Fljótshrepps 2002-2014. Nýtt aðalskipulag er aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins www.fljotsdalur.is

3. Deiliskipulag Hengifoss

- a) Tillaga að lýsingu vegna skipulagsáforma, dags. 16.12 2014. Fyrir liggur lýsing vegna skipulagsáforma á Hengifossvæði. Skipulagslýsingin er unnin af Verkfræðistofunni Mannvit, dags. 16.12 2014.
Sveitarstjórn samþykkir framlagða lýsingu og felur oddvita að leita umsagna Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila og kynna fyrir almenningi samkvæmt 40. gr. skipulagslaga.
- b) Skekkja í kortagögnum UST (svæði á Náttúruminjaskrá). Verkfræðistofan Mannvit sem annast gerð deiliskipulags fyrir Hengifossvæðið vekur athygli á ósamræmi þegar kortagögn UST yfir svæði á Náttúruminjaskrá (Hengifossvæðið) eru borin saman við þau gögn sem Mannvit vinnur með, kemur fram skekkja í gögnum UST, mest er skekkjan neðst á svæðinu. Sveitarstjórn óskar eftir að Mannvit bendi UST á þetta ósamræmi.

4. Fljótshreppsbók. Bréf Helga Hallgrímssonar dags. 22.11 2014. Helgi fyrirhugar að ljúka handritsgerð í apríl-maí 2015 og því er áætlað að bókin verði gefin út sumrið 2016. Rætt hefur verið við bókaútgáfuna Skruddu um útgáfu. Fyrir liggur að Fljótshreppur mun styrkja útgáfuna og á fjárhagsáætlun þessa árs er 1 millj. ætluð til verkefnisins.

5. Endurskipulagning fjárhags Austurbrúar ses. Til umræðu er fjárhagsvandi Austurbrúar ses. Fyrir liggja gögn frá Austurbrú og erindi með tillögum, fjárhagsáætlun 2015, ásamt aðgerðaráætlun. Sveitarstjórn Fljótshrepps samþykkir eftirfarandi fyrir sitt leyti, að því gefnu að heildarfjármögnun verkefnis við endurskipulagningu reksturs liggja fyrir með framlagi allra aðildarsveitarfélaga og annarra stofnaðila, ásamt fjármagni ríkis og stofnana, með það að markmiði að fjárhagsáætlun 2015 haldi.

- a) að fjármagn úr Atvinnuþróunarsjóði Austurlands sem nú er til ráðstöfunar, verði nýtt til fjárhagslegrar endurskipulagningar u.þ.b. 11.000.000,- kr.
- b) að á árunum 2016,2017 og 2018 verði framlag Fljótshrepps til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands tvöfaldað frá því sem það er á árinu 2014 og það renni til endurskipulagningar Austurbrúar.

Í ljósi aukinnar aðkomu stofnaðila að fjármögnun Austurbrúar næstu ár, óskar sveitarstjórn eftir að stofnaðilar verði reglulega upplýstir um stöðu Austurbrúar og þeirra áætlana sem liggja til grundvallar endurskipulagningunni. Sveitarstjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að fjárhagsáætlun Austurbrúar fyrir árið 2015 haldi.

Páll og Hildur komu til fundar kl. 15.00

6. Laugarfellsskáli, starfsmannaaðstaða. Páll og Hildur kynntu hugmyndir sínar varðandi aðstöðu fyrir starfsmenn. Að jafnaði þarf fjóra starfsmenn yfir sumarið og því nauðsynlegt bæta við þá starfsmannaaðstöðu sem til staðar er. Í samráði aðila verður unnið með þær hugmyndir sem upp hafa komið.

Sveinn Þórarinsson mætti kl. 16.15 og þau Páll og Hildur yfirgáfu fundinn.

7. **Gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa.** Sveinn byggingarfulltrúi kynnti handbók um stjórnkerfi byggingarfulltrúa í Fljótsdalshreppi sem tekið var upp um áramótin, í samræmi við ISO 17020. Mannvirkjastofnun hefur verið send staðfesting Fljótsdalshrepps á innleiðingu gæðastjórnunarkerfisins.

Sveinn yfirgaf fundinn kl. 17.15

8. Bréf.

- a) Fljótsdalshérað, bókun bæjarráðs 16.12 2014. Kynnt. Varðar sölu sameiginlegra eigna á Fjósakambi, Hallormsstað.
- b) Fljótsdalshérað dags. 04.12 2014. Ósk um umsögn Fljótsdalshrepps skv. 30. gr. skipulagslaga, vegna skipulagslýsinga . Kynnt. Varðar fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagsáform á ferðamannasvæði við Urriðavatn. Engar athugasemdir eru af hálfu Fljótsdalshrepps við skipulagslýsingarnar.
- c) UMFÍ 10.12 2014. Kynnt. Auglýst er eftir umsóknum til þess að halda Landsmót UMFÍ 2017.
- d) UMFÍ 12.12 2014. Kynnt. Varðar gistingu iðkenda ungmenna –og íþróttafélaga. Sveitarfélög eru hvött til að leggja sitt að mörkum til að þessi hópar fái gistingu á viðráðanlegu verði.
9. **Umhverfisstyrkir.** Þórhallur Þorsteinsson Hóli. Umsókn barst í des. 2014 og fellur því undir það ár. Samþykktur hámarksstyrkur.

10. Fjárbeiðnir

- a) Landssamband slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna dags. 01.12 2014. Hafnað.
- b) Snorraverkefnið dags. 17.11 2014. Hafnað.
- c) Birtingaráætlun (auglýsingaáætlun) 2015, Austurbrú ses dags. 21.11 2014. Samþykkt að Fljótsdalshreppur greiði til verkefnisins allt að kr. 50 þús.

11. Fundargerðir

- a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 06.11 -06.11- 12.12 2014. Kynntar.
- b) Samgöngunefnd SSA 19.12 2014. Kynnt.
- c) HAUST 10.12 2014. Kynnt.
- d) Ársalir 04.12 2014. Kynnt.
- e) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 01.12 2014. Kynnt.
- f) Samtök orkusveitarfélaga 10.10-26.11. Kynnt.
- g) Ferðaklasinn ÆSA 02.12 2014. Kynnt.
- h) Félagmálanefnd 26.11-17.12 2014. Kynntar.

13. Önnur mál.

- a) Hreindýraarður til jarða í Fljótsdalshreppi árið 2014 var samt. Kr. 3.786.500,-

- b) Dýraeftirlitsmaður Austurumdæmis vekur athygli á nýrri reglugerð er varðar velferð sauðfjár <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=60c588cf-b2ce-4457-b069-a3fb70e47874>.
- c) Rætt var um dýralæknaþjónustu á svæðinu og ófremdarástand sem ríkir varðandi þá þjónustu, þar sem enginn bakvaktadýralæknir er starfandi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.25.

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Eiríkur Kjerúlf (sign)